

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2963  
komudagur 26.5.2008

26.5.2008

Ályktun Húnavatnshrepps.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggst alfarið gegn fyrirhugaðri innleiðingu á matvælalöggjöf ESB og skorar á Alþingi að stöðva frumvarpið.

Augljóst er að frumvarpið setur landbúnað og vinnslustöðvar í mikið uppnám, ógnar heilbrigði íslensks búfjár og setur matvælaöryggi þjóðarinnar í hættu.

Húnavatnshreppur er mikið landbúnaðarsvæði og hreppsnefnd þykir sýnt að með samþykkt frumvarpsins verði afkomubrestur hjá íbúum sveitarfélagsins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps vekur athygli á að forsætisráðherra skipaði Norðvesturnefnd síðastliðið haust og hefur hún það hlutverk að styrkja byggð og atvinnu á Norðvesturlandi.